



Skoðun Sjávarklasans

31. ágúst 2012


Gríðarleg aukning á framleiðslu á aukaafurðum:

2766% aukning í framleiðslu aukaafurða á 18 árum

Með rýrnun fiskistofna síðustu áratugi hefur þörfin á fullnýtingu sjávarafla aukist mikið og þar spila aukaafurðir lykilhlutverk. Framleiðsla á aukaafurðum á Íslandi hefur aukist um tæp 3000% frá því árið 1992. Íslenski sjávarklasinn vinnur nú að verkefni sem miðar að því að kanna nýtingu sjávarfangs í Norður-Atlantshafi. Þegar hefur verið unnin tölfraeðigreining á nýtingu þorsks þar sem Ísland mælist með hæstu nýtingu. Mikið svigrúm er til bættrar nýtingar þar sem Íslendingar geta tekið sér leiðtogahlutverk og selt þekkingu sína um allan heim.

Fiskistofnar um allan heim hafa rýrnað stórlega síðustu áratugi og um leið aflatölur útgerða. Þorskurinn hefur ekki farið varhluta af þeirri þróun, en árlegur heimsafli þorsks minnkaði úr tæpum fjórum í eina milljón tonna milli árána 1970-2010. En neyðin kennir naktri konu að spinna. Með minnkandi aflaheimildum hefur þörfin á fullnýtingu sjávarafla farið vaxandi og þar spila svokallaðar aukaafurðir lykilhlutverk. Aukaafurðir eru vörur sem unnar eru úr þeim óhefðbundnu hlutum fisksins sem áður þóttu ekki álitlegir til framleiðslu. Samkvæmt athugun Sjávarklasans jókst framleiðsla aukaafurða úr 1.667 tonnum árið 1992 í 47.782 tonn árið 2010, sem samsvarar 2766% aukningu. Á meðal íslenskra aukaafurða eru lýsi, mjöl, þurrkaðir hausar og beingarðar, kavía, fiskileður, húðvörur og gelatín en þessi listi fer sífellt stækkandi og tækifærin virðast óteljandi.

Íslenski sjávarklasinn vinnur að nú að umfangsmiklu alþjóðlegu verkefni sem miðar að því að kanna nýtingu sjávarafurða í Norður-Atlantshafi og greina tækifæri til bætingar. Þegar hefur verið unnin tölfraeðileg greining á nýtingu þorsks í fjórum löndum á svæðinu, Færeyjum, Grænlandi, Íslandi og Kanada. Ísland er fremsta þjóðin þegar að þessu kemur þar sem meðalnýting mælist hæst. Af þyngd hvers veidds þorsks er rúmum helming að jafnaði fleygt í hafið eða sóað í framleiðsluferlinu. Því er augljóslega mikið svigrúm til bættrar nýtingar, sér í lagi með aukinni framleiðslu á aukaafurðum. Þar geta Íslendingar hæglega tekið að sér leiðtogahlutverk og selt þekkingu sína á þessu sviði um gjörvalla heim.



Samkvæmt heimildum Sjávarklasans eru dæmi þess að íslenskir aukaafurða framleiðendur anni ekki eftirspurn t.a.m. á þurrkuðum afurðum til Nígeríu og hreinlega skorti hráefni. Enn fremur eru þekkt dæmi þess að framleiðendur flytji inn hráefni erlendis frá, vinni þau og selji út aftur. Greinin hefur blómstrað síðustu ár og fjölmörg áhugaverð fyrirtæki eru í góðum vexti. Margir þekkja til dæmis til líftæknifyrirtækisins Zymetech sem framleiðir húðvörur úr þorski byggðar á svokallaðri Penzyme tækni. Haustak framleiðir og flytur út þurrkaðar sjávarafurðir en þar vinna nú yfir fimmtíu manns. Lýsi tvöfaldaði nýlega afkastagetu sína með nýrri verksmiðju en eftirspurn eftir þorskalýsi hefur farið vaxandi síðustu ár og fátt bendir til þess að þar sé lát á.

Stór hluti í nútímavæðingu atvinnuvega er aukin fjölþætting afurða. Tækifærin í framleiðslu á aukaafurðum sjávarfangs eru greinilega á hverju strái en Íslendingar eru leiðandi á þessu sviði. Framundan hjá Íslenska sjávarklasnum eru fundaraðir í helstu fiskveiðilöndum í Norður-Atlantshafi þar sem bætt nýting sjávarafla er meginviðfangsefnið. Með auknu samstarfi milli fyrirtækja og stofnana í þessum löndum stígum við stórt skref í átt að þessu mikilvæga markmiði.

Nánari upplýsingar veitir Haukur Már Gestsson, hagfræðingur hjá Íslenska sjávarklasnum í síma 867-8786 eða haukur@sjavarklasinn.is.

Íslenski sjávarklasinn er samstarfsvettvangur fyrirtækja í haftengdri starfsemi sem hefur að markmiði að efla samstarf um haftengda starfsemi á Íslandi og kynna þau tækifæri sem margháttuð starfsemi sjávarklasans getur falið í sér.